

Fundargerð 4.sept.2023

Mættar: Fanney, Anna Lilja, Kristín, Sigurveig, Elísa, Ingibjörg

- 5.október er stefnt á fræðslufund með Samtökunum 78 fyrir foreldra fyrir tilstilli Samtaka og í framhaldi að haldinn sé aðalfundur foreldrafélaganna á sama stað. Hugmynd að halda fræðsluna í Brekkuskóla og foreldrafélög grunnskólanna fengju svo stofur til að halda aðalfund. Brekkuskóli gat ekki lánað og Samtaka óskaði eftir að annar skóli byði sig fram. Anna Lilja tók að sér að heyra í Bryndísi skólastjóra sem er til í að lána Naustaskóla. Við myndum þá úthluta hverjum skóla svæði fyrir aðalfund hvers skóla og fyrirlesturinn yrði í salnum.  
Grunnskólar Ak. bæjar eru Nausta, Lunda, Brekku, Oddeyrar, Glerár, Gilja og Síðuskóli. Skólarnir í Hrísey og Grímsey eru undanskildir þessu eftir því sem best við vitum.
- Anna Lilja ætlar að heyra í skattinum vegna skráningarforma félagsins. Skrá þá bara formann, gjaldkera og ritara sem aðilar félagsins, aðrir eru meðstjórnendur og hafa ekki sérstakan titil. Fanney bauð sig fram í ritara eftir að hún lætur af formennsku.
- Reynum að herja á nú sé tækifæri á að koma í stjórn, við séum vel mönnum stjórn en tökum öllum fagnandi. Deilum facebookstatus á okkar eigin og bendum á að sé gaman í foreldrafélaginu.
- Kröfur fara í heimabanka um mán.móttin sept./okt. Heimtur 243 af 257 kröfum greiddar á síðasta ári sem er framúrskarandi flott.
- Hver er munurinn á Salatbar A og B í matseðli?  
Hvaðan koma matarstaðlarnir?  
Er þetta beint frá Ak.bæ og verða allir að nota sama birgja?  
Er notað duft í súpunar og er grænmetisréttur keyptur frosinn frá heildsala?  
Er einhver réttur í boði eldaður frá grunni í skólanum eða er allt keypt og hitað upp?  
Fanney sendir á stjórnendur
- Ráðgerum áfram 1000 Kr. á barn á bekkjarkvöld og skoðum framkvæmd í vetur. 3 bekkir nýttu ekki pening síðasta vetur.
- Veikindaleyfi starfsmanna sem veldur því að hópur nemenda missir umsjónarkennara og engin tilkynning frá stjórnendum til foreldra/forráðamanna umræddra nemenda um þetta og hvort sé verið að leita lausna til að ráða bót á.
- Föstudagspóstur segir ekki margt, litlar upplýsingar um hvað hafi verið gert, hvaða innlagnir var farið í í vikunni. Foreldrafélagsmeðlimir voru sammála um það. Smá umræða fór í föstudagspóst frá unglíngadeild um að hjóli hafi verið stolið og þau sem koma á ólæstum hjólum þyrftu að kaupa lás og læsa hjólunum, eins og lítil áhersla hafi verið lögð á að við stelum ekki eignum annarra. S.s. fórnarlambið á að passa sig betur en gerandinn sleppur.
- Foreldrar í 6.-7.bekk tala um mikla þreytu í kennarahópnum og bara 3 vikur frá skólabyrjun. Börn hafi orð á því heima að það þurfi að hrópa á börnin til að fá hljóð eða eins og eitt barn sagði “ég var hrædd við kennarann í dag af því að hún var svo brjáluð” Kennarar noti orðin aldrei og alltaf, t.d. “þið eruð alltaf með læti og þið eruð aldrei til friðs.”
- Tillaga að fylgjast með líðan barna í skólupúlsinum.
- Tillaga kom að fá fund með skólastjóra og stjórnin viðri ýmsar af þessum áhyggjum okkar.
- Setjum okkur markmiðafund og setjum niður raunhæf markmið vetrarins. Meðal markmiða að skoða lög foreldrafélagsins til lagfæringa og breytinga og í samþykki fyrir aðalfund 2024.